

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun Menntavísindasvið Háskóli Íslands



Ritrynd grein birt 3. október 2017

►► Yfirlit greina

Gunnar E. Finnbogason, Kristján K. Stefánsson og
Annelise Larsen-Kaasgaard

Þróun viðhorfa grunnskólanema til lýðræðis í skólastarfi yfir fimm ára tímabil

► Um höfunda ► Efnisorð

Eitt af meginmarkmiðum núgildandi aðalnámskrár (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, 2011/2013) er að búa nemendur undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi. Samkvæmt þessu á grunnskólinn að vera sá staður sem veitir nemendum svigrúm til að öðlast reynslu af lýðræðislegu starfi og vera þátttakendur í því. Markmið þessarar rannsóknar var að kanna mögulegar breytingar á viðhorfum nemenda í þessum efnum yfir fimm ára tímabil, 2010 til 2015. Tveir hópar nemenda í 6.–10. bekk ($N_{\text{alls}} = 627$) voru spurðir um afstöðu sína til lýðræðis og lýðræðisþátttöku með fimm ára millibili. Rannsóknin var gerð í samvinnu við tíu skóla sem söfnuðu gögnum við reglubundið sjálfsmat. Niðurstöður sýna að viðhorf nemenda til lýðræðis í grunnskólum á Íslandi og lýðræðisþátttaka virðist hafa tekið mjög litlum breytingum á framangreindu tímabili. Engar breytingar var að finna á því sem kallað hefur verið frjálsslynd lýðræðissjónarmið, svo sem tjáningarfrelsi og samkeppni í skólastofunni. Aftur á móti mátti greina smávægilega jákvæða breytingu á viðhorfum til þess sem kallað hefur verið samstarfslýðræði, þ.e. til þátttöku og samvinnu. Mikilvægi lýðræðisþátttöku að mati nemendanna virtist dala lítillega yfir þetta fimm ára tímabil. Niðurstöðurnar voru bornar saman við danska rannsókn frá árinu 2001 sem þessi rannsókn tók mið af. Enginn afgerandi munur fannst á viðhorfum dönsku og íslensku ungmennanna. Þó virtust frjálsslynd lýðræðissjónarmið vera traustari hjá dönsku ungmennunum.

Changes in attitudes of Icelandic adolescents towards democracy in the classroom over a five-year period

► About the author ► Key words

The Icelandic national curriculum guide for compulsory schools published in 2011 specially emphasized the importance of preparing students for active participation in a democratic society: “It is expected that children and youth learn democracy by learning about democracy in a democracy” (Mennta- og menningarmálaráðuneytið, p. 19). Democracy was furthermore emphasized as one of six fundamental pillars of the Icelandic education system together with literacy, sustainability, health and welfare, human rights, equality, and creativity. Accordingly, knowledge about changes in attitudes towards democracy and democratic participation since the introduction of this new conception in 2011 is of importance.

The increased emphasis on issues related to democracy introduced in the Icelandic national curriculum guide for compulsory schools were to be fully implemented in 2013. Studies on how Icelandic students are prepared for an active participation in the constantly changing democratic society are few and far between. Therefore, the results of this study can be considered of importance for education stakeholders such as teachers, parents, students, and scholars.

The theoretical model used in the study is based on the works of Danish researchers (Jacobsen, Jensen, Madsen, Sylvestersen, & Vincent, 2004), where democratic perspectives in a Western tradition are conceived as liberal democracy (e.g., emphasizing the rights of the individual) and republican democracy (e.g., emphasizing solidarity). According to the model, both perspectives need to be in place for a democracy to function, and it is in the tension between these two perspectives a democratic process becomes active. The goal of this study is to contribute to an increased theoretical and empirical knowledge about democratic processes and democratic participation in public schools. The research was intended to detect possible changes in the responses of children to questions related to liberal and republican democracy after the full implementation of the Icelandic national curriculum guide from 2011.

The goals of the study were approached by asking two groups of children in Grades 6 through 10 ($N_{\text{total}} = 627$) about their attitudes towards democracy and democratic participation in the classroom. The first data collection was conducted in 2010 and the second data collection was conducted in 2015. The study was conducted in collaboration with 10 schools that carried out the data collection as a part of their own internal evaluation.

The results show that attitudes towards democracy and democratic participation over the above depicted period had changed remotely during the five-year period. No changes were found in attitudes related to a liberal democracy. A slight positive change was detected regarding opportunities for participation and collaboration in a republican democracy. However, the importance of democratic participation showed a slight decline during this five-year period.

According to the model of Jacobsen et. al. (2004) one of the prerequisites for liberal democracy is individuality. A comparison with Danish result from 2001 showed that about 61% of the Danish adolescents indicated that it was very important to “be the way they are” but only 47% of the Icelandic adolescents responded the same way in 2015. These results were in accordance with other manifestations of liberal democracy in the survey, which seemed stronger among the Danish adolescents.

The limited change in the attitudes of adolescents towards democracy and democratic participation raises questions about whether compulsory schools had the resources to implement the changes in policy recommended by the 2011 national curriculum guide. More research is needed to explore what was done in schools to increase democracy in the classroom during the 2011-2013 implementation period. Furthermore, it is important to conduct further research to identify efficient ways for teachers and school administrators to meet the policy recommendation for an increased emphasis of democracy in Icelandic classrooms. Finally, comparison with results from other countries give reason to conduct more research on manifestations of liberal democracy (e.g., opportunities for an open and democratic discussion; respect for individuality) among Icelandic adolescents.

Inngangur

Ísland er lýðræðissamfélag þar sem borgarar fá kosningarétt átján ára, málfrelsi ríkir og hverjum borgara gefast fjölmörg tækifæri til lýðræðispáttöku. Ekki er þó sjálfgefið að borgararnir séu virkir þátttakendur í lýðræðissamfélagi. Hver kynslóð þarf því að vera undir það búin að bera kyndilinn áfram til að lýðræði framtíðarinnar verði tryggt.

Ákvæði um lýðræði í skólastarfi hefur verið í lögum um grunnskóla síðan 1974 og allar götur síðan hefur það verið meginmarkmið í skyldunámi að búa nemendur undir þáttöku í lýðræðislegu samfélagi. Í Aðalnámskrá grunnskóla (2011, bls. 19) segir um lýðræði: „Gert er ráð fyrir því að börn og unglingar læri til lýðræðis með því að læra um lýðræði í lýðræði.“ Í námskránni er því augljóslega lögð aukin áhersla á lýðræði í skólum landsins, enda eru lýðræði og mannréttindi meðal sex grunnþátta í námskrám alls skólakerfisins. Við þetta má bæta að Ísland er aðili að Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna (1992), þar sem réttur barnsins til að tjá sig um mál sem snerta það sérstaklega er tryggður (12. gr.) og það sama á við um tjáningarfrelsi (13. gr.).

Markmið rannsóknarinnar er að kanna viðhorf nemenda til lýðræðis og lýðræðislegrar þátttöku. Í því skyni var gögnum safnað í formi spurningalista sem lagðir voru fyrir árið 2010 og síðan aftur árið 2015.

Þær auknu áherslur í lýðræðismálum sem kynntar voru með aðalnámskránni 2011 áttu að vera komnar til framkvæmda árið 2013. Það er því áhugavert að kanna hvort greina má einhverjar breytingar á viðhorfum nemenda til lýðræðis í skólastarfi fyrir áherslubreytingarnar og eftir að þær áttu að fullu að vera komnar til framkvæmda. Fáar íslenskar rannsóknir hafa verið gerðar á því hvernig nemendur eru búnir undir þátttöku í lýðræðislegu samfélagi og því ættu niðurstöður þessarar rannsóknar að vera mikilvægar í ljósi aukinna áherslna á lýðræði í skólum landsins. Hér er ætlunin að varpa ljósi á það hvort lýðræði er virkt í grunnskólum landsins að mati nemendanna sjálfra, auk þess að kanna stöðu nemendalýðræðis.

Hvað er lýðræði?

Lýðræði snýst um það að vera sjálfur borgari, sem tekur tekur þátt í að ákveða hvernig samfélagið eigi að vera og hvaða gildi skuli vera ráðandi í samskiptum (Jacobsen, Jensen, Madsen, Sylvestersen og Vincent, 2004). Ólafur Páll Jónsson (2011) skilgreinir lýðræði annars vegar sem tiltekna stjórnskipan og hins vegar sem aðferð til að taka bindandi ákvarðanir. Hvað varðar stjórnskipan er lýðræði leið til að velja valdhafa eða leiðtoga og er það sá skilningur sem flestir leggja í hugtakið. Hvað varðar lýðræði sem leið til að taka ákvarðanir snýst það um valddreifingu og að finna leiðir til að komast að niðurstöðu þrátt fyrir ósamkomulag. Það verður sem sagt mikilvægt að vera fær um að koma sjónarmiðum sínum og skoðunum á framfæri og þar með einnig að hlusta á hvað aðrir hafa um málið að segja. Þannig verður lýðræðið ekki fullkomið með einfaldri kosningu um eitt málefni heldur snýst þetta frekar um leikreglur um leit að lausnum, og það er færni sem þarf að læra. Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir (2012) telja að „... grundvöllur lýðræðis sé í einstaklingsbundnum viðhorfum frekar en formlegri umgjörð.“ Hér skiptir máli hvernig fólk býr, starfar og lifir saman eða ... hvaða möguleika einstaklingar hafa á að vera gerendur í eigin lífi... og með hvaða hætti sé hægt að lifa og starfa ... með fólki sem kann að greina á við aðra“ (Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir, 2012, bls. 12). Í þessari rannsókn er þessi skilningur á lýðræðishugtakinu hafður að leiðarljósi.

Lýðræði fyrir einstaklinginn og fyrir samfélagið

Í þessari rannsókn er tekið mið af tveimur sjónarhornum eða viðmiðum sem Jacobsen o.fl. (2004) ganga út frá við skilgreiningu á lýðræði. Þeir telja að tvennt þurfi að vera fyrir hendi til að lýðræði verði að veruleika. Annars vegar er um að ræða frjálslýnt lýðræði (d. liberal demokrati) þar sem áhersla er lögð á einstaklinginn. Hins vegar er svo lýðræði þar sem lögð er áhersla á samheldni í hópi og má kalla samstarfslýðræði (d. republikansk demokrati). Samkvæmt Jacobsen o.fl. (2004) er það á milli þessara tveggja sjónarhorna eða viðmiða sem lýðræðið verður virkt. Þessi tvö sjónarhorn endurspeglar hefðbundnar vestrænar áherslur á lýðræði á tuttugustu öldinni og þeirri tuttugustu og fyrstu. Með því að líta á lýðræði frá þessum tveimur sjónarhornum og huga að því flæði sem er þar á milli verður unnt að rannsaka hvort þarna ríkir jafnvægi eða ójafnvægi. Sams konar aðgreining hefur verið notuð í nokkrum fjölda erlendra rannsókna um sama efni (sjá Andersen og Torpe, 1994; Held, 1997; Heywood, 1997; Patten, 1996).

Frjálslýnt lýðræði

Skilgreining Jacobsens o.fl. (2004, bls. 35) á frjálslýndu lýðræði fellur vel saman við hugmyndir Deweys um manninn sem skynsemisveru. Ólafur Páll Jónsson (2011, bls. 28) vitnar þannig í orð Deweys: „Því hvað er trú á lýðræði í ráðgjöf, í sannfæringu, í samræðu, í upplýstu almenningsáliti sem réttir sig af þegar til lengri tíma er litið, nema trú á möguleika skynsemi hins venjulega manns til að bregðast af heilbrigðri skynsemi við frjálsum flæði staðreynda og hugmynda sem byggja á traustum grunni frjálsra rannsókna, frjálsra samtaka og frjálsra samskipta?“ Þessi tilvitnun undirstrikar trú Deweys á það að skynsemi einstaklingsins geri honum kleift að vera lýðræðislegur þátttakandi í frjálsu samfélagi. Dewey leggur áherslu á samræður og frelsi í samskiptum en fyrst og fremst á trúna á möguleika einstaklingsins sem verðandi skynsemisveru (Ólafur Páll Jónsson, 2011).

Samkvæmt líkani Jacobsens o.fl. (2004) nær frjálslynda lýðræðið hámarki þegar einstaklingar eru í samkeppni vegna þess að þegar allir gera sitt allra besta verður það best fyrir heildina. Í frjálslyndu lýðræði er áhersla lögð á samkeppni sem drifkraft. Þá keppast einstaklingarnir við að gera sem best og skila sem bestum árangri. Samkvæmt líkaninu er frelsi einstaklingsins til að vaxa og dafna á sínum eigin hraða og á þann hátt sem hann vill í fyrirrúmi, en hann gerir það í samkeppni við hina. Í mælingum á viðhorfum til frjálslynds lýðræðis er því við hæfi að athuga hvernig nemendur upplifa samkeppni í bekknum. Þá þarf fastmótaðar reglur um samkeppnina og einstaklinga sem eru tilbúnir að vinna eftir þeim og eru reiðubúnir að gefa allt sem í þeim býr. Samkvæmt þessari hugmyndafræði er til samkeppni sem er holl og hvetjandi (d. energimobiliserende) og í skólum birtist hún ekki bara sem samkeppni milli einstakra nemenda heldur líka sem samkeppni milli hópa, bekkja og skóla.

Samstarfslýðræði

Sigrún Aðalbjarnardóttir (2007) ræðir áherslur Deweys á samvinnu til að undirbúa nemendur í lýðræðislegu samfélagi, áherslu Meads á samskipti, þannig að nemendur þroski hæfileika til að setja sig í spor annarra, og kenningar Piagets og Kohlbergs um að hver og einn móti þekkingu sína í „... virku samspili við umhverfið“ (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2007, bls.115). Gestur Guðmundsson (2008) bendir á það í skrifum sínum að Dewey telji að einstaklingurinn sé aldrei einn og slitinn úr tengslum og samskiptum við aðra (Gestur Guðmundsson, 2008). Til að vera virkur í lýðræði innan bekkjar er mikilvægt að vera og fá tækifæri til að vera hluti af hópnum og lykilsurningin er hvort samheldni (d. klassefællesskab) sé ríkjandi í bekknum.

Í huga Deweys var trúin á lýðræði fyrst og fremst trú á manneskjuna sem virka skynsemisveru. Hugmyndir hans um lýðræði eru bæði hugmyndir um ákveðna samfélagsgerð og ákveðið einstaklingseðli. Lýðræðislegt samfélag getur ekki orðið að veruleika nema einstaklingarnir hafi ræktað með sér lýðræðislegt einstaklingseðli. Lýðræði er samveruháttur sem tekur til allra sviða lífsins (Ólafur Páll Jónsson, 2011). Dewey (1938/1998, bls. 342) orðar þetta svo: „Lýðræði er sú trú að jafnvel þegar þarfir og markmið eða afleiðingar eru ólík frá einni manneskju til annarrar, felur vinsamleg samvinna í sér ómetanlega viðbót við lífið – samvinna sem getur, t.d. í íþróttum, gert ráð fyrir samkeppni og kappi. Með því að taka sérhvern ásteytingarstein – og þeir hljóta að verða fjölmargir – eftir því sem nokkur kostur er, út úr andrúmslofti og umhverfi valds og aflsmunar sem leið til úrlausnar og inn í umhverfi rökræðu og skynsemi, þá lítum við á þá sem við eigum í ágreiningi við – jafnvel djúpstæðum ágreiningi – sem einstaklinga sem við getum lært af, og að sama marki, sem vini.“

Ágreiningur er alls ekki óæskilegur heldur er hann uppspretta siðferðilegra og menningarlegra verðmæta. Danski sálfræðingurinn Arne Sjølund (1981) hefur fjallað um mikilvægi góðrar samheldni í bekkjum, sem byggð er á sameiginlegum gildum og siðum. Hann telur að í skólasamfélagi sem einkennist af lýðræðislegum gildum þurfi nemendur að finna að samheldni ríki í bekknum og að þeir taki ábyrgð á að hún geri það. Kjerulf (1983) telur mögulegt að rannsaka hversu mikil áhersla er lögð á samheldni (d. fællesskabsfölelse) meðal nemenda með því að kanna hvor hópanna tveggja, ég-hópur (d. jeg-gruppen) eða við-hópur (d. vi-gruppen) er ríkjandi. Ég-hópurinn einkennist af baráttu um að vera efstur og bestur. Aftur á móti einkennist við-hópurinn af því að einstaklingarnir eru tilbúnir að hlusta á aðra og sætta sig við niðurstöður hópsins. Markmið slíks hóps er að virða og taka tillit til óska bæði einstaklingsins og hópsins. Meðal gilda og siða sem stuðla að samheldni er að virða samskiptareglur, eins og að tala og vinna saman og að vera góður hlustandi (Sjølund, 1981). Könnun á því hvort gott sé að vera í bekknum, hvernig vinna í hópum gengur og um samræður innan hópsins er gerð að varpa ljósi á það hvort jákvæðar samskipta-reglur eru ríkjandi.

Samkvæmt Jacobsen o.fl. (2004, bls. 73) er mjög mikilvægt að hverjum og einum finnist hann vera þátttakandi samfélaginu í samstarfslýðræði. Hver og einn nemandi þarf að finna að mark sé tekið á því sem hann hefur að segja og hann fái þar með tækifæri til að móta skólasamfélagið. Með því að ástunda samvinnu er hægt að skapa möguleika á að mynda skólasamfélag þar sem lögð er áhersla á lýðræðisleg vinnubrögð. Ef nemendur fá ekki að taka þátt vegna útilokunar og eineltis öðlast þeir ekki reynslu af lýðræðislegum vinnubrögðum. Dæmi um spurningar um þátttöku er hversu gott sé að vera í bekknum, hvort einhver sé út undan eða hvort einhver sé lagður í einelti. Virkni er, eins og áður segir, grunnforsenda fyrir samstarfslýðræði og þess vegna eru spurningar um nemendafélag skólans einn þáttur í rannsókninni. Að vera virkur er líka að vera óhræddur við

að ræða mál sem maður er ósamykkur og geta haft áhrif á kennsluna. Tækifæri til að taka þátt í nemendafélaginu og finnast það skipta máli fyrir skólann er eitt birtingarform virkinnar.

Börn læra ekki af sjálfu sér að vera þátttakendur í og hugsa og vinna í lýðræðislegu samstarfi (Wolfgang Edelstein, 2008). Þetta er verkefni sem bæði heimilum og grunnskólum ber, samkvæmt lögum, að leysa. Það hefur ekki verið kannað hvernig staða lýðræðis er á Íslandi að mati nemendanna sjálfra. Þó er það lykilatíði að börn læri lýðræðislega starfshætti og kunni að athafna sig á lýðræðislegan hátt. Einnig er mikilvægt að kunna að eiga lýðræðisleg samskipti við aðra og að tileinka sér lýðræðislegar lífs- og starfsvenjur ásamt því að taka þátt í að móta lýðræðislega samfélagshætti. Það sem mestu máli skiptir er samvinna, ábyrgð og möguleiki á þátttöku. Mikilvægt er að allir öðlist þessa reynslu, óháð kyni, aldri, uppruna eða félagsstöðu. Börn eiga lögum samkvæmt rétt á þátttöku og að öðlast reynslu af notkun lýðræðis – bæði sem einstaklingar og sem aðilar að skólasamfélaginu. Þessi áhersla er í samræmi við skýrt ákvæði í 12. gr. Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta eru hornsteinarnir í þessari rannsókn. Hvernig fá börn tækifæri, sem einstaklingar og sem hluti af bekknum/hópnum, til að tjá sig og hafa skoðanaskipti og þannig leggja grunn að því að geta tekið þátt í lýðræðislegu samfélagi í framtíðinni?

Viðhorf ungmenna til lýðræðis í skólastarfi

Rannsóknin Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi sem fór fram skólaárið 2009–2010 varpaði ljósi á viðhorf íslenskra nemenda sem tengjast opinni lýðræðislegri umræðu. Rannsóknin náði meðal annars til 509 nemenda í 9. bekk. Þar kom fram að 22% nemenda í 9. teldu að kennararnir hlustuðu sjaldan eða aldrei á skoðanir þeirra og um 25% þeirra héldu því fram að kennarar hvettu nemendur sjaldan eða aldrei til að láta í ljós skoðanir á málum. Þá héldu um 33% nemendanna því fram að kennarar þeirra hvettu nemendur sjaldan eða aldrei til að ræða mál sem fólk hefði mismunandi skoðanir á (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011).

Þessar niðurstöður eru athyglisverðar í alþjóðlegu ljósi. ICCS-rannsóknin (e. International Civic and Citizenship Study) frá árinu 2009 náði til rúmlega 140 þúsund fjórtán ára nemenda í 38 löndum um allan heim. Ísland tók ekki þátt í rannsókninni. Niðurstöður sýndu að um 19% nemenda í þátttökulöndunum töldu að kennarar hvettu þau sjaldan eða aldrei til að hafa skoðanir á málum. Tækifæri fyrir opna lýðræðislega umræðu voru mæld í ICCS með sex spurningum sem saman gáfu einkunn á kvarða með meðaltalið 50 og staðalfrávikið 10. Þegar meðaltöl landanna eru skoðuð kemur í ljós að Danmörk, Svíþjóð og Noregur voru öll tölfræðilega marktækt fyrir ofan meðaltal landanna. Munurinn var þó ekki mikill í tilfelli Svíþjóðar (51 stig) og Noregs (52 stig) en tækifæri til opinnar umræðu voru mjög mikil í Danmörku (55 stig) og reyndar einna mest af öllum þeim löndum sem tóku þátt í rannsókninni (Schulz, Ainley, Fraillon, Kerr og Losito, 2010).

Viðhorf danskra nemenda til lýðræðis í skólastarfi

Viðamikil rannsókn á viðhorfum nemenda til lýðræðis var gerð í Danmörku árið 2001 (Jacobsen o.fl., 2004). Þátttakendur voru 4500 grunnskólanemendur í 5.–10. bekk. Sú rannsókn bar heitið Den vordende demokrat og var henni stýrt af Bo Jacobsen (Jacobsen o.fl., 2004). Samkvæmt þeirri rannsókn getur lýðræði í skólum birst í kennslustundum, í starfi í nemendaráði og í frímínútum. Rannsóknin var hluti af En analyse af demokrati og magt i Danmark, rannsókn sem þjóðþingið í Danmörku ákvað að skyldi gerð árið 1997, og gengur undir samheitinu Magtudredningen. Markmiðið var að rannsaka lýðræði og völd í Danmörku og í kjölfarið var gefinn út fjöldi bóka auk þess sem margar blaða- og fræðigreinar hafa verið birtar um málefnið (Magtudredningen, 2003; Jacobsen o.fl., 2004). Í þessari viðamiklu rannsókn voru nemendur spurðir um viðhorf sín til lýðræðis í skólastarfi og voru þessar spurningar grundvöllur spurningalista íslensku rannsóknanna. Í rannsókninni sem hér er greint frá voru viðhorf dönsku nemendanna frá 2001 borin saman við viðhorf íslensku nemendanna árið 2015 til að leggja mat á sameitniréttmæti (e. convergent validity) íslensku mælinganna sem byggjast á spurningalistanum sem notaður var í Danmörku.

Markmið og rannsóknarspurningar

Markmið þessarar rannsóknar var að afla þekkingar á viðhorfum nemenda til lýðræðis og lýðræðisþátttöku, til hagnýtingar fyrir kennara, foreldra og fræðimenn, til að efla skilning á hugtakinu lýðræði og til að efla lýðræðisþátttöku grunnskólanema á Íslandi. Rannsóknin byggðist á grein-

ingu gagna úr tveimur aðskildum gagnasöfnum. Gögnum var fyrst safnað árið 2010, ári áður en ný aðalnámskrá grunnskóla tók gildi, og aftur árið 2015, tveimur árum eftir að áherslubreytingar í lýðræðismálum sem finna má í aðalnámskrá áttu að vera komnar til framkvæmda. Rannsóknarspurningin er því þessi:

Hvaða breytingar hafa orðið á viðhorfum nemenda í 6.–10. bekk til lýðræðis og lýðræðisþátttöku eftir að áherslubreytingar í lýðræðismálum frá árinu 2011 áttu að vera að fullu komnar til framkvæmda?

Aðferð

Í þessum kafla er aðferðafræði rannsóknarinnar lýst nánar, einnig er gerð frekari grein fyrir vali á þátttakendum og framkvæmd rannsóknarinnar og loks er mælitækjunum sem notuð voru til að greina gögnin lýst.

Þátttakendur

Úrtak rannsóknarinnar var klasaúrtak (e. clustered sampling). Úrtak klasanna (skólanna) var valið af handahófi. Þýðið náði til allra skóla sem tóku þátt í samræmdri nemendakönnun Skólapúlsins árið 2010. Úr hverjum skóla sem tók þátt í nemendakönnun Skólapúlsins voru að hámarki dregin 40 nemendur í 6.–10. bekk í úrtak. Alls tóku 46 skólar þátt í nemendakönnun Skólapúlsins 1. árið 2010 eða tæplega þriðjungur allra grunnskóla á Íslandi á umræddum tíma. Alls voru 30 skólar af þessum 46 skólum valdir af handahófi og boðið að taka þátt í rannsókninni og ákváðu 26 þeirra að þiggja boðið. Vegna hugbúnaðarvillu birtust spurningar rannsóknarinnar aðeins hjá hluta þeirra skóla sem fallist höfðu á þátttöku. Árið 2015 var að nýju haft samband við þá skóla sem fengu könnunina árið 2010 og þeim boðin þátttaka í rannsókninni. Af þeim sem þáðu boðið voru 10 skólar sem tóku bæði þátt árið 2010 og 2015.

Af framangreindu má sjá að svarhlutfall skóla í rannsókninni var mjög lágt eða 33%. En þar sem hugbúnaðarvillan var þess eðlis að handahófskennt var hvaða nemendur fengu spurningar rannsóknarinnar ætti brottfallið þó ekki að hafa haft mikil áhrif á ytra réttmæti rannsóknarinnar. Þar að auki má benda á að töluverður jöfnuður er á milli skóla á Íslandi samanborið við önnur lönd sem þátt tóku í PISA-rannsókn OECD árið 2009 (OECD, 2010) og því er síður líklegt að skólatengdar breytur hafi haft mikil áhrif á niðurstöður rannsóknarinnar.

Framkvæmd

Rannsóknin er byggð á gögnum sem upphaflega var safnað árið 2010 í tengslum við meistara- verkefni Annelise Larsen-Kaasgaard (2011). Spurningalisti rannsóknarinnar var þýddur af tveimur óháðum þýðendum og forprófaður í 7. og 10. bekk í grunnskóla á höfuðborgarsvæðinu áður en gögnum var safnað (Annelise Larsen-Kaasgaard, 2011). Gagnasöfnunin fór fram í hverjum skóla fyrir sig sem þáttur í reglubundnu sjálfsmati með notkun vefkerfis sem kallast Skólapúlsinn. Samræmd nemendakönnun Skólapúlsins fer fram í nokkrum úrtökum sem dreift er yfir skólaárið og fjöldi úrtaka fer eftir stærð hvers skóla fyrir sig. Spurningalistinn inniheldur samræmdar spurningar sem snúa að virkni, líðan og skóla- og bekkjaranda. Í lok spurningalistans eru opnar spurningar en einnig getur hver skóli bætt spurningum við listann að eigin vali.

Spurningunum í rannsókninni sem hér er lýst var bætt við þann hluta nemendakönnunar Skólapúlsins sem ætlaður er sértækum skólaspurningum. Tengiliður Skólapúlsins í hverjum skóla fékk í upphafi mánaðarins lista með nöfnum og þátttökukóðum þeirra 40 nemenda í 6.–10. bekk sem svara áttu listanum. Hver skóli hafði einn mánuð (október 2011 og 2015) til að ljúka gagnasöfnuninni og ná að lágmarki 80% svarhlutfalli. Dregið var í úrtakið úr nemendalista sem skólinn sendi inn í kerfið við upphaf skólaársins. Hver skóli fyrir sig fylgdi eigin verklagsreglum um tilkynningar til foreldra um kannanir þar sem engum persónuupplýsingum er safnað.


1 Skólapúlsinn er samræmd nemendakönnun sem skólarnir framkvæma sjálfir sem þáttur í reglubundnu sjálfsmati.

Mælitæki

Frjálsslynt lýðræði

Til að mæla frjálsslynt lýðræði hjá grunnskólanemendum var aðgerðarbinding úr rannsókn Jacobsens o.fl. (2004) notuð. Í þeirri rannsókn voru búnar til spurningar í þremur þáttum: réttur til að vera einstaklingur, réttur til tjáningarfrelsis og réttur til virkrar samkeppni (sjá mynd 1). Til þess að fá að athafna sig í hinu frjálsslynda lýðræði er mikilvægt að fá að vera eins og maður er. Rétturinn til að vera maður sjálfur er í sumum tilfellum gagnstæður því sem kalla má hópkúgun (d. fællesskabets tyrani). Þetta kemur stundum í ljós ef samfélagið er með fastmótuð viðmið og kröfur sem ekki má víkja frá; þá getur það haft áhrif á tjáningar- og athafnafrelsi einstaklingsins. Grundvallarspurningin er hvort nemandinn upplifir það að hann eigi rétt á að vera sjálfstæður án þess að aðrir hindri hann í að vera það.


Til að rannsaka hvort einstaklingurinn fengi að tjá sig og vaxa og dafna í bekknum voru lagðar ákveðnar lykilsurningar fyrir nemendur og þeir spurðir áhlits. Á mynd 1 er hægt að sjá hvaða þættir voru taldir skipta máli í rannsókn Jacobsens o.fl. (2004). Frumskilyrði frjálsslynds lýðræðis eru, samkvæmt kenningarrammanum, falin í sérstöðu hvers einstaklings (d. individualitet). Jafnframt eru grundvallareinkenni frjálsslynds lýðræðis í skólastofunni talin vera tjáningarfrelsi og samkeppni. Í rannsókninni voru spurningar sem gáfu vísbendingar um stöðu einstaklingsins og var spurt hvort hann fengi að vera eins og hann er og hversu mikilvægt það væri fyrir hann. Varðandi tjáningarfrelsi var spurt hvort hægt væri að tjá skoðun sína þótt maður væri ósammála kennaranum eða hinum nemendum í bekknum og hvort óhætt væri að láta reiði sína í ljós. Síðasta spurningin varðaði samkeppni í kennslustundum (sjá mynd 1).



Mynd 1. Yfirlitsmynd um frjálsslynt lýðræði, byggð á fyrirmynd Jacobsens o.fl. (2004, bls. 43).

Samstarfslýðræði.

Í mynd 2 er sett upp líkan sem sýnir kenningarammann sem unnið var eftir þegar samstarfslýðræði var aðgerðabundið í rannsókn Jacobsens o.fl. (2004). Frumskilyrði samstarfslýðræðis var talið vera samkennd (d. fællesskab) og grundvallareinkenni samstarfslýðræðis var talið felast í möguleikum nemenda til þátttöku og hæfileikum þeirra til samvinnu. Í rannsókninni voru spurningar sem gáfu vísbendingu um stöðu hópsins og var spurt um samheldni í bekknum og hvort nemandinn tæki þátt í að skapa hana. Varðandi möguleika á þátttöku var spurt hvort einhver væri út undan eða lagður í einelti í bekknum. Loks var leitað svara við því hvernig bekknum gengi að vinna í hóp, tala saman og hlusta hver á annan.



Mynd 2. Yfirlitsmynd um samstarfslýðræði byggð á fyrirmynd Jacobsens o.fl. (2004, bls. 64).

Tölfræðileg úrvinnsla

Tölfræðileg úrvinnsla fór fram með greiningarforritinu SPSS 24.0. Kí-kvaðrat próf voru notuð til að álykta um hvort munur á hlutföllum í úrtakinu væri einnig til staðar í þýðinu. Þar sem umtalsvert afl (e. power) var í gagnasafninu var ákveðið að nota 95% marktæktarmörk til að forðast höfnunarmistök (e. type 1 error).

Niðurstöður

Í fyrsta hluta niðurstöðukaflans er greint frá lýsandi tölfræði úr báðum gagnasöfnunum. Að því loknu er niðurstöðukaflanum skipt upp í þrjá meginhluta sem hver um sig lýsir svörum nemenda við spurningum sem tengdust frjálsslyndu lýðræði, samstarfslýðræði og lýðræðispátttöku haustið 2010 og 2015. Allar niðurstöður ásamt marktæktarprófum má finna í töflum 2–4 en í texta er einungis greint frá þeim niðurstöðum sem fjallað er nánar um í umræðukaflanum.

Lýsandi tölfræði

Í töflu 1 má sjá fjölda þátttakenda hvort ár fyrir sig eftir bekkjum og kyni. Eins og áður hefur komið fram fengu ekki allir nemendur tækifæri til að svara spurningum rannsóknarinnar árið 2010 vegna hugbúnaðargalla þó að svarhlutfall könnunarinnar í heild hefði að lágmarki verið 80% í hverjum skóla. Þar sem hugbúnaðargallinn var þess eðlis að handahófskennt var hverjir fengu spurningar rannsóknarinnar er ólíklegt að brottfall þátttakenda hafi haft áhrif á ytra réttmæti hennar.

Eins og fram kemur í töflu 1 tóku örlítið fleiri strákar þátt árið 2010 en stelpur voru örlítið fleiri árið 2015. Munurinn á þátttöku kynjanna var þó hverfandi milli ára og hafði því ekki teljandi áhrif á þann samanburð. Einnig má sjá í töflu 1 að um 25% þátttakenda voru úr 6. bekk en einungis um 16% úr 10. bekk hvort ár. Þetta ber að hafa í huga þegar niðurstöður eru bornar saman við danska úrtakið en þar voru þátttakendur í 6. bekk einnig nær alltaf fleiri en þátttakendur úr 10. bekk.

Tafla 1 Fjöldi þátttakenda eftir bekk og kyni haustið 2010 og 2015

	Haust 2010		Haust 2015	
	Fjöldi	Hlutfall	Fjöldi	Hlutfall
Strákar	104	51%	200	47,3%
Stelpur	100	49%	223	52,3%
Heild	204	100%	443	100%
6. bekkur	52	25,5%	105	24,8%
7. bekkur	40	19,6%	92	21,7%
8. bekkur	37	18,1%	77	18,2%
9. bekkur	43	21,1%	79	18,7%
10. bekkur	32	15,7%	70	16,5%
Heild	104	51%	200	100%

Viðhorf tengd frjálsslyndu lýðræði haustið 2010 og 2015

Í spurningalista rannsóknarinnar voru sex spurningar sem tengdust frjálsslyndu lýðræði. Eins og sjá má í töflu 2 reyndust ekki vera tölfræðilega marktækar breytingar á milli ára á neinni þessara sex spurninga. Gögn frá báðum árum sýndu að mikill meirihluti nemenda (> 80%) var sammála spurningum sem gáfu til kynna áherslu á sérstöðu einstaklinga í skólastofunni. Meirihluti nemenda (60%) sagðist geta sagt sína skoðun alltaf eða oftast þrátt fyrir að vera ósammála kennaranum eða öðrum í bekknum. Samkeppni mældist einnig töluverð, en um helmingur nemenda gaf til kynna að stundum væri mikil keppni milli nemenda í kennslustundum.

Tafla 2 Hlutfall svara við spurningum sem tengdust frjálslýndu lýðræði haustið 2010 og 2015						
Sérstaða nemenda						
Sp.1. Færð þú að vera eins og þú ert í bekknum þínum?						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	52,1%	30,9%	14,4%	2,6%	100%	194
2015	48%	35,4%	13,4%	3,2%	100%	404
Sp.2. Hversu mikilvægt eða léttvægt er það fyrir þig að vera eins og þú ert?						
	Mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Frekar léttvægt	Mjög léttvægt	Heild	N
2010	54,2%	36,8%	6,8%	2,1%	100%	190
2015	47%	37%	13,1%	2,9%	100%	381
Tjáningarfrelsi						
Sp.3. Getur þú sagt þína skoðun jafnvel þótt þú sért ósammála kennaranum?						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	26,9%	36%	28%	9,1%	100%	186
2015	22,4%	40,1%	29,8%	7,7%	100%	389
Sp.4. Getur þú sagt þína skoðun jafnvel þótt þú sért ósammála hinum krökkunum í bekknum?						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	28,6%	35,1%	27,6%	8,6%	100%	185
2015	21,1%	39,3%	30,5%	9,1%	100%	394
Sp.5. Í mínum bekk megum við láta í ljós ef við erum mjög reið.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	13,4%	31,8%	38,9%	15,9%	100%	157
2015	13,2%	26,7%	39,3%	20,9%	100%	326
Samkeppni						
Sp.6. Í mínum bekk er mikil keppni milli nemenda í kennslustundum.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	5,6%	23,8%	49,4%	21,3%	100%	160
2015	5,2%	17,6%	46%	31,2%	100%	346

*p < 0,05; ** p < 0,01

Viðhorf tengd samstarfslýðræði haustið 2010 og 2015

Önnur spurningin sem tengdist möguleikum á þátttöku í samstarfslýðræði sýndi tölfræðilega marktækan mun á svörum milli áraanna 2010 og 2015. Það var fullyrðingin „Í mínum bekk er einhver lagður í einelti.“ en sú spurning er talin, ásamt fullyrðingunni „Í mínum bekk er alltaf einhver út undan.“, lýsa möguleikum nemenda á þátttöku, sem er eitt af einkennum samstarfslýðræðis. Munurinn á seinni fullyrðingunni á milli ára var á mörkum þess að teljast tölfræðilega marktækur ($p = 0,08$). Munurinn á svörum við fyrri fullyrðingunni milli ára kom skýrast fram ef lítið var á svarmöguleikann aldrei., en tæplega 60% nemenda árið 2010 sögðu að aldrei væri einhver lagður í einelti í þeirra bekk. Þetta hlutfall var komið uppí rúm 75% árið 2015 og hafði því hækkað um rúm 15 prósentustig á tímabilinu.

Einnig mátti greina smávægilega jákvæða breytingu milli ára á svörum við fullyrðingunni „Í mínum bekk hlustum við með athygli hvert á annað í kennslustundum“, en sú spurning var notuð til að leggja mat á samvinnu í samstarfslýðræði. Þar gáfu 36% nemenda til kynna að þau hlustuðu oftast með athygli árið 2010 en hlutfallið var orðið 44% árið 2015.

Enginn munur var milli ára á spurningum sem tengdust samkennd en um helmingur nemenda taldi alltaf eða oftast mikla samheldni ríkja í sínum bekk. Þó voru örlítið fleiri, eða tæp 60%, sem

sögðu að þau sjálf tækju alltaf eða oftast þátt í að skapa samheldni í sínum bekk. Svör við spurningum sem sneru að samvinnu voru almennt jákvæð, sem dæmi má nefna að um 70% nemenda töldu að þeim gengi vel að vinna saman í hópum og tala saman í kennslustofunni.

Tafla 3 – Hlutfall svara sem tengdust samstarfslýðræði haustið 2010 og 2015						
Samkennd						
Sp.7. Það er mikil samheldni í mínum bekk.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	15%	35,9%	45,5%	3,6%	100%	167
2015	17%	38,3%	39,2%	5,6%	100%	342
Sp.8. Ég tek þátt í að skapa samheldni í bekknum mínum.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	24,7%	34,7%	32,4%	8,2%	100%	170
2015	24%	34%	34,3%	7,7%	100%	350
Möguleiki á þátttöku						
Sp.9. Í mínum bekk er alltaf einhver út undan.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	7,8%	13,5%	39,7%	39%	100%	141
2015	4,9%	10,1%	33,1%	51,9%	100%	287
Sp.10. Í mínum bekk er einhver lagður í einelti.**						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	6,8%	8,8%	24,5%	59,9%	100%	147
2015	2,3%	6,1%	16,3%	75,3%	100%	263
Samvinna						
Sp.11. Nemendum í mínum bekk gengur vel að vinna saman í hópum.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	17,9%	48,4%	29,5%	4,2%	100%	190
2015	20,8%	49,4%	26,6%	3,2%	100%	403
Sp.12. Í mínum bekk hlustum við með athygli á hvert annað í kennslustundum.*						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	11,9%	35,7%	42,2%	10,3%	100%	185
2015	13,8%	44,1%	37,6%	4,4%	100%	383
Sp.13. Í mínum bekk gengur okkur vel að tala saman í kennslunni/kennslustofunni.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	21,3%	49,2%	24%	5,5%	100%	183
2015	21,5%	41%	33,6%	3,8%	100%	390
Sp.14. Hversu oft eða sjaldan talið þið saman í bekknum um mál sem þið eruð ósammála um?						
	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Heild	N
2010	26.3%	38.0%	29.1%	6.7%	100%	179
2015	18.3%	44.4%	31.7%	5.6%	100%	372
Sp.15. Hversu oft eða sjaldan gerist það þegar þið talið saman í bekknum að nemendur skipta um skoðun þegar þeir heyra skoðanir annarra?						
	Oft	Stundum	Sjaldan	Aldrei	Heild	N
2010	22,8%	55%	19,9%	2,3%	100%	171
2015	20%	47,6%	26,5%	5,9%	100%	355

*p < 0,05; ** p < 0,01

Lýðræðisþátttaka í skólastarfi haustið 2010 og 2015

Spurningar sem tengdust lýðræðisþátttöku sýndu að hlutfall þeirra sem töldu að það skipti skólann mjög miklu máli að hafa nemendaráð lækkaði úr rúmum 34% í tæplega 23% frá árinu 2010 til 2015. Þess ber þó að geta að flestum nemendum árið 2015 þótti nemendaráðið enn skipta skólann frekar miklu máli (46,3%). Almennt fannst um 70% nemenda nemendaráðið skipta skólann frekar miklu eða mjög miklu máli en þegar spurningin sneri að þeim persónulega lækkaði þó hlutfallið niður í rúm 50%. Tæp 40% nemenda sögðust aldrei reyna að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar væru í nemendaráði.

Tafla 4 – Hlutfall svara við spurningum sem tengdust lýðræðisþátttöku haustið 2010 og 2015

Nemendaráðið						
Sp.16. Hve miklu eða litlu máli skiptir nemendaráðið þig?						
	Mjög miklu	Frekar miklu	Frekar litlu	Mjög litlu	Heild	N
2010	21,6%	33,2%	32,1%	13,2%	100%	190
2015	15,8%	37,3%	31,4%	15,6%	100%	405
Sp.17. Hversu miklu eða litlu máli finnst þér skipta fyrir skólann að hafa nemendaráð?*						
	Mjög miklu	Frekar miklu	Frekar litlu	Mjög litlu	Heild	N
2010	34,2%	35,8%	19,2%	10,9%	100%	193
2015	22,5%	46,3%	22%	9,2%	100%	404
Sp. 18. Reynir þú að hafa áhrif á ákvarðanir sem teknar eru í nemendaráði?						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
2010	12,1%	22,1%	29,5%	36,3%	100%	190
2015	9%	20,3%	31,6%	39,1%	100%	399

*p < 0,05; ** p < 0,01

Viðhorf til lýðræðis 2015 í samanburði við danskar niðurstöður frá 2001

Til samanburðar við íslensku gögnin frá árinu 2015 var rýnt í sambærilegar spurningar frá upphaflegu rannsókninni sem íslenski spurningalistinn er byggður á. Í töflu 5 má sjá að rúmlega 60% danskra nemenda í 6.–10. bekk þótti mjög mikilvægt að fá að vera eins og þeir eru, sem er eitt af frumskilyrðum frjálslynds lýðræðis. Sambærilegt hlutfall meðal íslenskra nemenda var aðeins lægra, eða um 50%. Einnig má sjá í töflu 5 að nemendur í Danmörku og á Íslandi hlustuðu með jafnmikilli athygli hver á annan í kennslustundum, en sú spurning, ásamt öðrum sambærilegum, var dæmi um samvinnu, sem talin er vera eitt af einkennum kerfisbundins lýðræðis. Lýðræðisþátttaka virtist í fyrstu vera aðeins dreifðari meðal íslensku nemendanna, eins og sjá má á spurningu 16 í töflu 5. Hins vegar komi í ljós að svarmöguleikarnir í íslensku útgáfunni af spurningalistanum voru ekki eins afgerandi til endanna (Mjög miklu/Mjög litlu) og svarmöguleikarnir í upprunalegu útgáfunni (d. Meget stor betydning/Slet ingen betydning) og því virtist ekki vera um eiginlegan mun á dreifingunni að ræða hvað varðaði lýðræðisþátttöku.

Tafla 5 – Samanburður á völdum niðurstöðum sem tengjast frjálsslyndu lýðræði, kerfisbundnu lýðræði og lýðræðispáttöku í Danmörku árið 2001 og á Íslandi árið 2015

Frjálsslynt lýðræði						
Sp.2. Hversu mikilvægt eða léttvægt er það fyrir þig að vera eins og þú ert?*						
	Mjög mikilvægt	Frekar mikilvægt	Frekar léttvægt	Mjög léttvægt	Heild	N
Danmörk	60,8%	29,5%	8,2%	1,5%	100%	3701
Ísland	47%	37%	13,1%	2,9%	100%	381
Samstarfslýðræði						
Sp.9. Í mínum bekk hlustum við með athygli á hvert annað í kennslustundum.						
	Alltaf	Oftast	Stundum	Aldrei	Heild	N
Danmörk	10,1%	42,9%	40,1%	6,9%	100%	141
Ísland	13,8%	44,1%	37,6%	4,4%	100%	383
Lýðræðispáttaka						
Sp.16. Hve miklu eða litlu máli skiptir nemendaráðið þig?*						
	Mjög miklu	Frekar miklu	Frekar litlu	Mjög litlu	Heild	N
Danmörk	7,1%	28,4%	51,6%	12,7%	100%	3710
Ísland	15,8%	37,3%	31,4%	15,6%	100%	405

*p < 0,05; ** p < 0,01

Umræður

Á öðrum áratug þessarar aldar hefur áhersla á lýðræði og mannréttindi í skólastarfi aukist til muna héraendis eins og sjá má af því að Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna varð hluti af íslenskri löggjöf þann 20. febrúar 2013 ásamt því að lýðræði og mannréttindi voru skilgreind sem einn af sex grunnþáttum menntunar í aðalnámskrám fyrir öll skólastig árið 2011. Í þessari rannsókn var ákveðnu kenningarlíkani beitt sem ætlað var að skilgreina forsendur og einkenni lýðræðis í skólastofunni ásamt því að svara þeirri áleitnu spurningu hvort auknar áherslur á lýðræði í skólastarfi hefðu skilað sér í breytingum á viðhorfum grunnskólanema á fimm ára tímabili frá því að breytingarnar urðu þáttur í aðalnámskrá.

Niðurstöður rannsóknarinnar gáfu til kynna litlar sem engar breytingar á viðhorfum nemenda tengdum lýðræði í skólastarfi á því fimm ára tímabili sem var til skoðunar. Engar breytingar var að finna á því sem kallað hefur verið frjálsslynd lýðræðissjónarmið, svo sem tjáningarfrelsi og samkeppni í skólastofunni. Aftur á móti mátti greina smávægilega jákvæða breytingu á möguleikum nemenda til þátttöku og samvinnu sem taldir eru tengjast samstarfslýðræði. Mikilvægi lýðræðispáttöku að mati nemenda virtist hins vegar dala lítillega.

Hafa verður í huga að hér er einungis um einfalda þversniðsrannsókn að ræða og enginn samanburðarhópur fyrir hendi sem ekki var bundinn af áður nefndum áherslubreytingum í aðalnámskrá. Engu að síður má telja athyglisvert hversu lítil munur er á svörum nemendanna árið 2010 og jafnaldra þeirra fimm árum síðar. Niðurstöðurnar vekja því upp spurningar um það hversu langan tíma tekur fyrir skólakerfið að bregðast við áherslubreytingum í aðalnámskrá og hvort þriggja ára aðlögunarferlið sem skilgreint var með breytingunum hefur einhverja eiginlega merkingu eða afleiðingar.

Stuðningur við frjálsslynt lýðræði í skólastofunni

Athygli vakti að um 10% nemenda í 6.–10. bekk árin 2010 og 2015 gáfu til kynna að þau gætu aldrei látið skoðun sína í ljós ef þau væru ósammála kennaranum eða öðrum nemendum í skóla-

stofunni. Þessi svör eru athyglisverð í ljósi þess að um svipað leyti gáfu 25% fjórtán ára ungmenna það til kynna að kennarar hvettu þau sjaldan eða aldrei til að hafa skoðanir á málum (Sigrún Aðalbjarnardóttir, 2011). Þetta má telja sóknarfæri fyrir kennara sem vilja styðja frjálslýnt lýðræði í skólastofunni.

Stuðningur við frjálslýnt lýðræði í skólastofunni virðist ekki heldur vera mikill á Íslandi í alþjóðlegum samanburði. Meðal þátttökulanda í ICCS 2009 gáfu 19% fjórtán ára ungmenna til kynna að kennarar hvettu þau sjaldan eða aldrei til að hafa skoðanir á málum. Þetta er töluvert lægra hlutfall en mældist með áþekkri spurningu í rannsókn Sigrúnar Aðalbjarnardóttur (2011) og má því leiða líkum að því að tækifæri fyrir opna og lýðræðislega umræðu séu í það minnsta ekki miklu betri á Íslandi en gengur og gerist erlendis. Þar með væri Ísland eftirbátur næstu nágrannþjóða og þá sérstaklega Danmerkur þar sem tjáningarfrelsi og önnur einkenni frjálslýnds lýðræðis eru með því mesta sem gerist í alþjóðlegum samanburði (Schulz o.fl., 2010). Hafa ber í huga að hér er einungis um að ræða samanburð á svörum við einstaka spurningum sem ekki hafa gengist undir próffræðilega staðfestingu á réttmæti. Engu að síður er það mat höfunda að niðurstöðurnar gefi ástæðu til að kanna frekar hvort stuðningur við tjáningarfrelsi sé í raun jafn takmarkaður í íslenskum skólastofum og rannsóknir benda til.

Samanburður við danskar niðurstöður frá 2001

Samanburður við danskar niðurstöður frá 2001 studdi réttmæti íslensku niðurstaðnanna að því leyti að dreifing svaranna milli landa var áþekk þó að greina mætti áherslumun þegar kom að spurningum sem sneru að sérstöðu nemenda, en hún telst, samkvæmt kenningarlíkani Jacobsens, vera forsenda frjálslýnds lýðræðis í skólastofunni. Um 61% dönsku nemendanna gaf til kynna að þeim þætti mjög mikilvægt að vera eins og þau væru en um 47% íslensku nemendanna gáfu það sama til kynna. Þessar niðurstöður eru í samræmi við önnur einkenni frjálslýnds lýðræðis, sem reyndust vera traustari hjá dönsku ungmennunum, og virðast í ljósi fyrrgreindra niðurstaðna úr ICCS 2009 vera með því mesta sem gerist í alþjóðlegum samanburði.

Lokaorð

Niðurstöður rannsóknarinnar vekja mikilvægar spurningar um þróun lýðræðishugsjónarinnar í íslensku skólakerfi. Á tímabili rannsóknarinnar (árin 2010–2015) var ný aðalnámskrá innleidd (árin 2011–2013) fyrir skólastigin þrjú. Í námskránni er lögð mikil áhersla á lýðræði, eins og einn af sex grunnþáttunum, lýðræði og mannréttindi, ber vitni um. Vel má velta því fyrir sér hvort innleiðingin á námskránni ætti ekki að vera komin lengra en raun ber vitni. Má e.t.v. skýra þá stöðu með því að leiðsögn og stuðning skorti við innleiðingu á lýðræðisþættinum? Hvað felst í auknu nemendalýðræði í raun? Hafa skólanir nægilegar forsendur til að mæta þeim kröfum sem lögin og námskráin gera til lýðræðislegra vinnubragða í skólastofunni? Einnig mætti velta því fyrir sér hvort innleiðing nýrra áherslna á lýðræðisleg vinnubrögð þurfi lengri tíma. Þá gefur rannsóknin tilefni til frekari rannsókna á því hvort einkenni frjálslýnds lýðræðis, svo sem tækifæri fyrir opna og lýðræðislega umræðu og sérstaða nemenda (Færð þú að vera eins og þú ert í bekknum þínum?) séu í raun lakari en í nágrannalöndum okkar, eins og vænta má af samanburði við erlendar niðurstöður.

Heimildir

Mennta- og menningarmálaráðuneytið. (2011). *Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti*. Reykjavík: Höfundur.

Andersen, J. og Torp, L. (ritstjórar). (1994). *Demokrati og politisk kultur – rids af et demokratisk medborgerskab*. Herning: Systime.

Annelise Larsen-Kaasgaard. (2011). *Viðhorf verðandi kjósenda til lýðræðislegs skólastarfs (óúgefín meistararitgerð)*. Háskóli Íslands, Reykjavík.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins nr. 18/1992

Dewey, J. (1916/1966). *Democracy and education*. New York: Free Press.

Dewey, J. (1938/1998). Creative democracy: The task before us,. Í L. A. Hickman og T. M. Alexander (ritstjórar), *The essential Dewey* (bls. 98–102). Bloomington: Indiana University Press.

Gestur Guðmundsson. (2008). *Félagsfræði menntunar*. Reykjavík: Skrudda.

Held, D. (1997). Demokratimodeller. *Från klassisk demokrati till demokratisk autonomi*. Gautaborg: Daidalos AB.

Heywood, A. (1997). *Politics*. New York: Macmillan.

Jacobsen, B., Jensen, F. T., Madsen, M. B., Sylvestersen, M. og Vincent, C. (2004). *Den vordende demokrat. En undersøgelse af skoleklassen som demokratisk lærested*. Aarhus: Aarhus universitetsforlag.

Kjerulf, S. (1983). *Elementær gruppepsykologi* (4. útgáfa). København: G.E.C Gad.

Lög um grunnskóla nr. 91/2008.

Magtudredningen. *En analyse af demokrati og magt i Danmark*. (2003). Sótt 15. janúar 2011 af <http://www.mit.ps.au.dk/magtudredningen>.

OECD. (2010). *PISA 2009 results: what students know and can do – Student performance in reading, mathematics and science* (Vol. 1): OECD Publishing.

Ólafur Páll Jónsson. (2011). *Lýðræði, réttlæti og menntun: Hugleiðingar um skilyrði menntunar*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Ólafur Páll Jónsson og Þóra Björg Sigurðardóttir. (2012). *Lýðræði og mannréttindi. Grunnþáttur í menntun á öllum skólastigum*. Reykjavík: Mennta- og menningarmálaráðuneytið og Námsgagnastofnun.

Patten, A. (1996). The republican critique of liberalism. *British Journal of Political Science*, 26, 25–44.

Schulz, W., Ainley, J., Fraillon, J., Kerr, D., og Losito, B. (2010). *Initial findings from the IEA international civic and citizenship education study*. Amsterdam: The Netherlands: International Association for the Evaluation of Educational Achievement.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2007). *Virðing og umhyggja. Ákall 21. aldar*. Reykjavík: Heimskringla, Háskólaforlag Máls og menningar.

Sigrún Aðalbjarnardóttir. (2011). *Borgaravitund ungs fólks í lýðræðisþjóðfélagi*. Reykjavík: Háskóli Íslands.

Sjølund, A. (1981). *Gruppopsykologi* (6. útgáfa). Osló: Fabritius forlagshus.

Skólapulsiinn (2010). *Heimasíða*. Sótt 13. desember 2010 af <http://skolapulsinn.is/um/>.

Wolfgang Edelstein. (2008). *Hvað geta skólar gert til að efla lýðræði? Hæfni og færni í draumalandi*. Í Dóra S. Bjarnason, Guðmundur Hálfðanarson, Helgi Skúli Kjartansson, Jón Torfi Jónasson og Ólöf Garðarsdóttir (ritstjórar), Menntaspor. Rit til heiðurs Lofti Guttormssyni sjötugum (bls. 65-78). Reykjavík: Sögufélagið.

Um höfunda

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) er prófessor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann lauk M.S.-prófi í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskólanum í Uppsöllum í Svíþjóð árið 1984 og doktorsprófi frá sama skóla árið 1995. Rannsóknir hans hafa aðallega tengst menntapólitik/menntastefnum, hugmyndafræði menntunar, námskráfræðum, gildum/miðlun gilda, réttindum barna og Barnasáttmálanum.

Kristján K. Stefánsson (kristjan@hi.is) er sjálfstætt starfandi fræðimaður. Hann lauk meistaraprófi í kennslufræði raungreina frá Háskólanum í Ósló árið 2006 og doktorsprófi í menntunarfræði frá Háskóla Íslands árið 2017. Rannsóknir hans hafa aðallega tengst próffræði, virkri þátttöku nemenda í skólastarfi og sjálfstjórnun.

Annelise Larsen-Kaasgaard (annelise@aslandsskoli.is) lauk kennaraprófi frá Holbæk Seminarium 1980 og hefur unnið sem kennari og stjórnandi í grunn- og framhaldsskólum bæði í Danmörku og á Íslandi. Hún lauk M.Ed.-prófi í stjórnun menntastofnana frá Háskóla Íslands 2011 og starfar nú sem sérkennari í Áslandsskóla í Hafnarfirði.

Efnisorð

Námskrá, lýðræði, frjálslýnt og kerfisbundið lýðræði, lýðræðisþátttaka, skólastarf

About the authors

Gunnar E. Finnbogason (gef@hi.is) is a Professor at the School of Education, University of Iceland. He completed his M.Sc. degree in pedagogy and educational studies from the University of Uppsala in 1984 and a Ph.D. degree from the same school in 1995. His research has primarily been in the field of educational politics/educational policies, the ideology of education, curriculum studies, values/sharing of values, children's Rights and Convention on the Rights of the Child.

Kristján K. Stefánsson (kristjan@hi.is) is an independent scholar. He completed his masters degree in science education from the University of Oslo in 2006 and a Ph.D. degree in Educational sciences from the University of Iceland in 2017. His research has primarily been in the field of psychological assessment, school engagement, and self-regulation.

Annelise Larsen-Kaasgaard (annelise@aslandsskoli.is) completed her teacher education at Holbæk seminarium in 1980, and has since worked as a teacher and administrator in elementary and secondary schools, both in Denmark and Iceland. She completed her M.Ed. in educational administration from the University of Iceland in 2011. She is now working as a specialized teacher at Áslandsskóli in Hafnarfjörður.

Key words

Curruculum, democracy, liberal democracy, republican democracy, democratic participation, education



Gunnar E. Finnbogason, Kristján K. Stefánsson og Annelise Larsen-Kaasgaard (2017).

Þróun viðhorfa grunnskólanema til lýðræðis í skólastarfi yfir fimm ára tímabil

Netla – Vef tímarit um uppeldi og menntun. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af <http://netla.hi.is/greinar/2017/ryn/04>